

Í október 2015 gerðu starfsmenn Menntamálastofnunar úttekt á starfsemi Grunnskóla Fjallabyggðar. Markmið úttektarinnar var að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum og reglugerðum um grunnskóla og aðalnámskrá. Í skýrslu úttektaraðila koma fram fjölmargar ábendingar um styrkleika skólans sem og tillögur til umbóta. Skólastjórnendur hafa kynnt sér og flestum þeim sem málið varðar innihald skýrslunnar.

Eftir að innihald skýrslunnar hafði verið kynnt hagsmunaaðilum tók við vinna við umbótaáætlun, þ.e. með hvaða hætti og hvenær skyldi brugðist við þeim tillögum og ábendingum sem fram komu í skýrslunni. Að þeirri vinnu komu allir kennarar skólans. Umbótanefnd var stofnuð í kjölfarið, í henni eiga sæti fulltrúar foreldra, starfsmanna, kennara og stjórnenda. Þessari nefnd var ætlað að taka þátt í og fylgjast með gerð umbótaáætlunarinnar.

Umbótanefndina skipa auk stjórnenda skólans þær Katrín Freysdóttir og Aðalheiður Sigurjónsdóttir fyrir hönd foreldra, Guðný Róbertsdóttir og Sigurbjörg Bjarnadóttir fyrir hönd kennara og Unnur Guðrún Rögnvaldsdóttir skólaritari fyrir hönd starfsmanna.

Auk þess komu þrír nemendur skólans að vinnu við áætlunina, þær Helga Dís Magnúsdóttir, Guðrún Fema Sigurbjörnsdóttir og Hólmfríður Sturludóttir.

Umbótanefndin hélt fjóra vinnufundi en auk þess unnu nefndarmenn í áætluninni á milli funda.

Í úttektinni (ytra matinu) voru teknir fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur *skóli án aðgreiningar*.

Undir liðnum stjórnun voru settir fram 25 matsþættir þar sem tilgreind voru tækifæri til umbóta. Við nám og kennslu voru settir fram 22 matsþættir. Í innra mati 10 matsþættir og við fjórða þáttinn skóli án aðgreiningar voru settir fram 12 matsþættir.

Strax sl. vor þegar vinna við umbótaáætlun var lokið var hafin vinna við að hrinda af stað umbótum. Nú í byrjun nýs skólaárs, 2016 – 2017, er staðan þessi;

Matsþættir	Fjöldi	Lokið	Í vinnslu	Ekki hafið
Stjórnun	25	6	12	7
Nám og kennsla	22	4	4	14
Innra mat	10			10
Skóli án aðgreiningar	12	1		11

Á kennarafundum sem haldnir voru í nú á undirbúningsdögum fyrir nýtt skólaár voru lagðar áherslur á nokkra meginþætti og skilaboð frá skólastjórnendum til kennara voru skýr. Skólaárið 2016 – 2017 verður markvisst unnið í eftirtöldum þáttum í umbótaáætlun grunnskólans;

- Að byggja upp metnað meðal kennara og nemenda fyrir góðum árangri í námi.
- Að fastmóta samstarf kennara yngsta stigs milli starfsstöðva.
- Að vinna skólanámskrá og starfsáætlun í samræmi við fyrirmæli í aðalnámskrá grunnskóla.

- Að vinna markvisst að því að bæta árangur nemenda.
- Taka upp mat á kennslu með skipulögðum hætti.
- Útbúa og birta heildaráætlun um skipulag sérstaks stuðnings í skólanum þar sem fram kemur hvernig þarfir eru metnar og hvernig mæta eigi nemendum með sérstakar þarfir í námi.

Samhliða þessari vinnu verður sett af stað vinna við gerð læsisstefnu samkvæmt undirrituðum samningi Fjallabyggðar við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um Þjóðarsáttmála um læsi.

Markviss kennsla og þjálfun í undirstöðuatriðum lesturs og stærðfræði snemma á skólagöngunni gegnir lykilhlutverki í því að ná árangri og því er markmiðið að skapa nemendum betri tækifæri til náms og um leið að bæta námsárangur barna á svæðinu.

Það verður samstarfsverkefni **allra kennara skólans** að stuðla að því með kennsluháttum sínum í **öllum námsgreinum** að nemendur verði vel læsir. Læsi tekur því til **allrar skólagöngu nemenda** og á erindi við **alla kennara og allar námsgreinar**.

Menntun nemenda er **sameiginlegt verkefni** heimila og skóla (Aðalnámskrá grunnskóla – greinasvið 2013:71). Á heimilum barnanna er lagður grunnur að læsi þeirra og sá áhugi sem þar er sýndur á lestri er mikilvægur fyrir lestraráhuga þeirra og allt nám. Hlutverk foreldra er því mikilvægt í lestrarnáminu. Á þetta verður lögð mikil áhersla.

Einnig er í gangi vinna við endurskoðun á skólastefnu sveitarfélagsins. Haldnir hafa verið þrjár fundir í vinnuhópnum og verður vinna framhaldið nú í haust. Gerð verður önnur tilraun með að halda skólaþing. Í þessari vinnu er verið að vinna með eftirtaldar spurningar;

**Hvernig getum við sett aukinn kraft í skólastarfið?**

**Hvernig eflum við sköpun í skólastarfi?**

**Hvernig aukum við lífsgleði á meðal barna?**

Í þessari vinnu allri er ákaflega mikilvægt að það ríki traust á milli allra aðila í skólasamfélaginu og eru sveitarstjórnarmenn þar með taldir. Til að ná árangri í þessari vinnu eru nokkur atriði sem verður að hafa í huga;

- 1) Að markmiðasetning sé unnin í samvinnu við hagsmunaaðila
- 2) Að sett verði skýr markmið/viðmið fyrir námsárangur og framkvæmd kennslu
  - a. Allir styðji við markmiðin skilyrðislaust
- 3) Að fræðslunefnd forgangsraði verkefnum samkvæmt stefnu sveitarfélagsins
- 4) Að virkt eftirlit sé með árangri og markmiðum náms og kennslu
  - a. Þar sem markmiðin eru vöktuð og hvort raunverulega sé verið að vinna eftir þeim, þar næst árangur.
- 5) Að fé sé ráðstafað þannig að það styðji við markmið um árangur í námi og kennslu.
  - a. Sveitarfélög sem ná árangri sjá til þess að bjargir séu til staðar til að ná þeim markmiðum sem sett eru þ.e. (Marzano og Waters)
    - i. Tími
    - ii. Peningar
    - iii. Starfsfólk

**Í lokin viljum við leggja áherslu á að þessi vinna að þróa skólastarf er langhlaup en með markvissri markmiðasetningu og virku eftirliti mun nást árangur. Markmiðið er að árið 2018 muni 90% nemenda í sveitarfélaginu geta lesið sér til gagns.**